



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEILLAÓSKIR TIL NÝKJÖRINS PÁFA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í morgun, fimmtudaginn 14. mars 2013, nýkjörnum páfa Frans I heillaóskir frá sér og íslensku þjóðinni. Í kveðjunni áréttaði forseti tengsl Íslendinga við hina kaþólsku kirkju, bæði á fyrri öldum og með vaxandi fjölda kaþólskra íbúa landsins á undanförunum árum. Ennfremur minntist forseti heimsóknar til Páfagarðs fyrir tveimur árum þegar hann ásamt Snæfellingum afhenti Páfagarði stytta af Guðríði Þorbjarnardóttur, tákn um nán söguleg tengsl kirkju og þjóðar.

*14. mars 2013*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*